

Alþingi
Erindi nr. P 128/568
komudagur 6.12.2002

Reykjavík, 6. desember 2002

Til: Utanríkismálanefndar Alþingis
Frá: Fjármálaráðuneyti
Tekju- og lagaskrifstofa/IMP

Efni: Þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001, 69/2001 og 70/2001 voru teknar til skoðunar hjá fjármálaráðuneytinu í febrúar 2001. Með bréfi, dags. 2. mars 2001 (meðfylgjandi), óskaði ráðuneytið eftir afstöðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis vegna reglugerðar nr. 70/2001 um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur umsjón með aðilum, sbr. Nýsköpunarsjóð, sem veita ríkisstyrki á þessu sviði.


Svar barst frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi, dags. 5. mars 2001 (meðfylgjandi) þar sem fram kemur að ráðuneytið hafi tekið fullt tilliti til viðkomandi reglna í stuðningi sínum við frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki. Fjármálaráðuneytið hefur séð um að senda tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna ríkisaðstoðar og hefur ESA ekki gert athugasemdir við framkvæmd íslenskra stjórnvalda við veitingu ríkisstyrkja til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Með bréfi, dags. 2. mars 2001 (sjá meðfylgjandi), óskaði ráðuneytið eftir afstöðu Vinnuálastofnunar vegna reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 um aðstoð til starfsmenntunar. Svar barst frá Vinnuálastofnun með bréfi, dags. 13. mars 2001 (meðfylgjandi), þar sem segir að að mati stofnunarinnar komi helst til greina að umrædd reglugerð verði innleidd hér á landi með almennum lögum. Á grundvelli bréfs Vinnuálastofnunar var, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, settur stjórnskipulegur fyrirvari við innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 til að hægt væri að skoða málið nánar.

Við nánari skoðun fjármála- og félagsmálaráðuneytis á ákvæðum þessara reglugerða (sérstaklega reglugerðar nr. 68/2001) hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að innleiðing þeirra kalli ekki á lagabreytingu. Með reglugerðunum er ekki um efnisbreytingar að ræða þar sem hliðstæð efnisatriði og koma fram í reglugerðunum hefur verið að finna í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ríkisaðstoð (*ESA State Aid Guidelines*). Eru þær leiðbeiningarreglur byggðar á samskonar leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB um ríkisaðstoð og eru í stöðugri endurnýjun og þróun. Með reglugerð frá 1998 fékk framkvæmdastjórn ESB heimild til að færa tiltekna kafla úr þessum leiðbeiningarreglum (lárétt ríkisaðstoð) á reglugerðarform. Íslensk stjórnvöld eru bundin af þessum leiðbeiningarreglum samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Íslensk stjórnvöld hafa því verið bundin af þeim efnisákvæðum sem koma fram í reglugerðunum þremur allt frá því umræddar leiðbeiningarreglur voru settar árið 1994. Hvorki er verið að þrengja eða auka heimildir íslenskra stjórnvalda til að veita ríkisaðstoð til starfsmenntunar eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Innleiðing reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 þrengir því, til að mynda, ekki þær heimildir sem hafa verið til staðar til að veita ríkisaðstoð úr starfsmenntasjóði í samræmi við lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. ESA hefur skoðað styrkveitingar úr þeim sjóði og ekki gert neinar athugasemdir við framkvæmd þeirra, sbr. úrskurð ESA frá 28. júní 2001 um eftirfarandi þrjá starfsmenntasjóði: starfsmenntasjóð félagsmálaráðuneytisins, styrki til atvinnuáála kvenna og verndaðir vinnustaðir.

Ekki eru til staðar heildarlög um ríkisaðstoð á Íslandi. Skv. 48. gr. samkeppnislaga er fjármálaráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um

ríkisaðstoð til aðila hér á landi. Lagt er til að þessar þrjár undanþágu reglugerðir verði innleiddar hver fyrir sig með reglugerð með vísan til 48. gr. samkeppnislaga. Fjármálaráðuneytið mun síðan, m.a. í kjölfar þessa máls, taka til skoðunar hvort tilefni sé til að setja almenn lög um ríkisaðstoð. Slik lagasetning gæti búið til betri rammi utan um þennan málaflokk og þær meginreglur og undantekningar sem um hann gilda í samræmi við evrópskan samkeppnisrétt.



Ingvi Már Pálsson